

Nefndarsvið Alþingis  
bt. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2020

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

*Frumvarp til laga um Þjóðhagsstofnun 130. mál).*


*(Lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021.)*

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands styður efni frumvarpsins og fagnar flutningi þess. Þjóðhagsstofnun var mikilvægur þáttur í upplýsingagiðf um efnahagsmál meðan hún var við lýði og aðgengi fjölmiðla að henni var mjög gott. Stofnunin var sjálfstæð í störfum sínum og hlutlæg, svo sem vera ber um stofnun á jafn mikilvægu sviði og efnahagsmál eru í hverju samfélagi og upplýsingar hennar kölluðust á við upplýsingar frá Seðlabanka Íslands, Hagstofu, fjármálaráðuneyti, hagsmunasamtökum og bönkum. Þegar rödd hennar hvarf voru fábreyttari möguleikar fyrir fjölmiðla að leita eftir sjálfstæðum sjónarmiðum á sviði efnahagsmála og bera álitamál undir sérfróðan aðila. Sérhæfing er minni en æskilegt er á íslenskum fjölmiðlum vegna smæðar þeirra og því er mikilvægt að þeir hafi sjálfstæðan aðila, sérfróðan á þessu sviði, til þess að leita til. Færa má rök að því að umfjöllun íslenskra fjölmiðla um íslenskt efnahagslíf í aðdraganda hrunsins hefði verið með öðrum hætti hefði stofnunin ekki verið lögð niður á sama tíma og afdrifaríkustu ákvarðanir á sviði einkavæðingar í íslensku samfélagi voru teknar. Illu heilli heyrði stofnunin undir forsætisráðneytið og það reyndist stofnuninni örlagaríkt. Því fer vel á því að gerð er tillaga, í frumvarpinu, um að stofnunin heyri nú undir Alþingi. Það er rökrétt að Alþingi hafi sérfróðan aðila á sviði efnahagsmála til að leita til og styrkir stöðu þess gagnvart framkvæmdavaldinu og undirstrikar sjálfstæði stofnunarinnar með ótvíæðum hætti.

Að sjálfsgöðu er fulltrúi félagsins reiðubúinn að koma fyrir nefndina og gera betur grein fyrir afstöðu félagsins sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h stjórnar BÍ

  
Hjálmar Jónsson, formaður BÍ